Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 97/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Kjartani Skaftasyni
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar sl., en hún barst réttinum ásamt kærugögnum 28. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Kjartani Skaftasyni, kt. 291259-2279, með lögheimili að Skipasundi 40, Reykjavík, en dvalarstað að Garðastræti 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars nk. kl. 16.00.

Rannsókn stendur nú yfir á innflutningi á hassi. Þann 13. febrúar sl. var Karl Eggertsson Vernharðsson handtekinn á Keflavíkurflugvelli með tæp tvö kíló af hassi innan klæða þegar hann kom til landsins frá Kaupmannahöfn/Hamborg. Var nefndur Karl úrskurðaður í gæsluvarðhald til kl. 16.00 í gær vegna þessa. Við yfirheyrslur hjá lögreglu hefur Karl borið að hafa farið til Amsterdam að undirlagi kærða Kjartans í þeim tilgangi að kaupa fyrir hann fíkniefnið hass og flytja það til landsins. Kveður Karl kærða Kjartan hafa greitt sér hluta þóknunar fyrir verkið fyrir fram, en greiða hafi átt afganginn við komu Karls til landsins. Einnig hafi kærði fjármagnað hasskaupin og borgað ferðir og gistingu.

Kærði hefur neitað að eiga þátt í fíkniefnainnflutningi þessum og mót-

mælt gæsluvarðhaldskröfunni. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst hann hafa keypt 1000 hollensk gyllini í þeim tilgangi að senda þau syni sínum, sem búi í Danmörku, en hafi síðan ákveðið að greiða Friðriki nokkrum skuld með þeim enda hefði Friðrik þessi óskað eftir því að skuldin yrði greidd í gyllinum. Við fyrirtöku máls þessa hér fyrir dóminum breytti kærði þessum framburði sínum og kvaðst hafa látið Karl Eggertsson Vernharðsson hafa peningana, svo að hann kæmist til Kólumbíu að heimsækja son sinn, Þór.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða og fleiri aðila á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni en brot á lögum þessum getur varðað fangelsi. Þykir því verða að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík með vísan til ofanritaðs, gagna málsins og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Kærði, Kjartan Skaftason, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars nk. kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kjartan Skaftason, kt. 291259-2279, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 10. mars kl. 16.00.